



9. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, miðvikudaginn 22. maí 2017 kl. 17.00.

Mættir eru: Guðný Stefanía Stefánsdóttir, Hildur Elísabet Pétursdóttir, Karl Ásgeirsson, Ingi Björn Guðnason, Elísa Stefánsdóttir og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningar HSV 2016
Endurskoðaður ársreikningur HSV 2016 lagðir fyrir stjórn til samþykktar. Rekstrarafgangur ársins er kr. 1,961.622. Reikningar samþykktir samhljóða.
2. Rekstraráætlun 2017 og 2018
Rekstraráætlun HSV eins og hún verður lögð fyrir Héraðsþing kynnt stjórn. Samþykkt samhljóða.
3. Verkefnasamningur 2017
Verkefnasamningur sem lagður var fyrir stjórn á síðasta fundi þann 28. mars hefur verið breytt lítillega til að koma til móts við umræður á síðasta formannafundi. Breyttur verkefnasamningur samþykktur samhljóða.
4. Erindi frá Braga Axelssyni fyrir hönd Harðar er varðar úthlutun á tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi
Lagt fram til kynningar, afgreiðsla bíður næsta fundar.
5. Héraðsþing 2017
Farið yfir tillögur og efni héraðsþings HSV sem haldið er á morgun. Gerðar tillögur að starfsmönnum þings.
6. Önnur mál
 - a. Starfsmerki HSV. Formaður kynnir tillögur um veitingu starfsmerkja HSV. Stjórn samþykkir tillöguna.

Fundi slitið kl. 18.40